

Skólafing – 4. bekkur 23. júní 2020

Árlegt skólafing var haldið nokkuð seint á þessu skólaári vegna Covid-19 og þeirra takmarkana sem settar voru á skólahaldið. Barnahópnum var skipt í fjóra hópa – dregið var í hópanna og því var tilviljun hverjir lentu saman. Egill, Þrúður, Ágústa og Ásta ræddu hver við sinn hóp og skráðu niðurstöður. Börnunum var gerð grein fyrir því að svörin þeirra væru mikilvæg og við tækjum ábendingar þeirra alvarlega og nýttum þær áfram til að gera góðan skóla betri.

Hvað er best / gott við Krikaskóla?

E: Allt – smiðjur og ferðir

D: Allt ekki hægt að velja eitthvað ákveðið – smiðjur – ferðir – útivera og íþróttir

A: Íþróttir og strætóferðir

J: Ferðir í góðu veðri – íþróttir, heimilisfræði, smíði

G: Fjölbreytt kennsla, líka í smiðjum t.d. tölvur og bækur og fleira. Frístundin er fjölbreytt og margt í boði.

T: Hjálpsamir og góðir kennarar.

B: Gistinóttin.

H: Öðruvísi en hinir skólarnir og þægilegt hvað hann er lítill og kósý.

K: Maður skemmtir sér vel.

X: Góðir kennarar

X: Kennararnir

X: Krikaskóli sjálfur

X: Gott að láta 4. bekk gista

X: Gott að hafa sófa, söngstund og að hengja upp verkefni

X: Gera þema. Frjáls þema. Áhugaþema. Gera þema í power point

X: Sumarfrí

X: Rýmið úti. Róla

X: Gaman að vera með fótboltavöll og körfuboltakörfu

X: Góður eins og hann er.

X: Líka leikskólabörn og gaman að vera með yngri.

X: Góðar íþróttir.

X: Kennararnir.

X: Kennararnir kenna okkur mjög mikið.

X: Ekki mikið ofbeldi eða einelti.

X: Á leikskólanum kenna þau okkur að segja kinnalitur í staðinn fyrir laxableikur.

X: Góðir vinur.

Hvað þarf að passa að breytist ekki í Krikaskóla?

J: Ekki breyta starfinu í skólanum. Að geta farið til litlu krakkana. Öryggismálin í skólanum – hvernig brugðist er við t.d. brunakerfinu og öllu svoleiðis. Ekki hætta að koma í skólann þó það sé smá vont veður.

A: Ekki breyta honum neitt, ekki taka eitthvað út en það má bæta við t.d. leiktækjum en alls ekki taka trén.

D: Að geta farið til litlu krakkanna. Má alls ekki breyta staðsetningunni.

E: Má ekki breyta sérstökum dögum – frístundadögum og hátíðum eins og 100 daga hátíð. Það eru frábærir dagar fyrir alla í skólanum.

G: Hvað kennararnir eru góðir og skemmtilegir. Enginn skiptir meira máli en aðrir. Skólalóðin má ekki breytast.

T: Gistinóttin.

B: reglan um að ganga á göngunum og þvo sér um hendurnar.

H: Hvað kennararnir hugsa vel um mann og hjálpa okkur ef við lendum í vandræðum.

K: Litla upplestrarkeppnin.

X: Skólinn er svo einfaldur, það má sko ekki breytast

X. Má ekki breyta reglunum

D: Inga mátti ekki fara- hún gerði svo góðan mat

H: Ekki hætta að setja óskilamuni fram – það kíkir enginn úti horni.

X: Ekki breyta Hreiðrunum

X: Ekki breyta íþróttasal, holukubbum og útisvæði ekki loka svölunum

X: Að hlaupa ekki á göngunum.

X: Holukubbarnir og Rjúpan.

X: Hátíðirnar.

X: Bleiki dagurinn, stærðfræðidagur, dagur íslenskrar tungu og sumarhátíðin.

X: Gaman að vera hópstjóri.

X: Gaman að hitta systkini sín.

Hverju má breyta í Krikaskóla?

J; Stækka kennslustofurnar þannig að hægt sé að gera fleira í þeim. Fjölbreytta kennslu t.d. úti að kasta bolta og reikna þannig. Fara í ferðir og sjá eitthvað nýtt sem hægt er að skoða svo í bókum.

A; Má alveg hafa oftár Makkarónugraut – er vinsælt og var oftár einu sinni.

D; Hafa oftár pizzu en samt er það gott að það er ekki of oft – þá er það svo frábært þegar það er pizza.

E; Má koma með fleiri leiktæki. Kannski rennibraut niður stigann.

J; Já rennibraut og kannski skíðalyftur.

A; Væri líka fínt að hafa sundlaug – þá væri hægt að fara í skólasund en líka val í frístundinni t.d.

J, A, D og E; Má stækka skólann þannig að hægt sé að vera til t.d. 7 eða 8 bekk. Kannski alveg nóg til 7 bekkjar.

J og A; Hafa gistinóttina yfir helgi – þá í þrjá daga.

E og D; Það væri líka fínt að koma með allt dótið í skólann og þurfa ekki að fara heim á milli til að sækja það. Hægt að koma bara með það í skólann og fara ekki heim fyrr en eftir nóttina og næsta dag.

A; Það má fjölga dögum þar sem allir árgangar hittast. Svo væri kannski hægt að vera með daga þar sem t.d. Uglu og 4. bekkur hittast – eða 1. til 4. bekkur eða eitthvað svoleiðis. Það gæti verið mjög gaman.

J; Það þarf að breyta reglum á fótboltavellinum – það eru of margir árekstrar. Ari og Óli settu þessar reglur en þær eru ekki að virka nógu vel. Þarf alltaf að vera kennari á svæðinu því annars verða alltaf árekstrar. Kannski þarf að gera reglur sem krakkarnir geta farið betur eftir.

G; Stigarnir. Soðinn fiskur á mánudögum. Rúllustiga eða fleiri lyftur.

T; Rennibraut niður stigana.

B; Fara fyrr heim.

H; Lengja útiveruna.

K; Skólinn á að vera alveg upp í 10.bekk.

X; Karfa á móti körfunni. Það þarf aðra körfu.

X; Stærri fótboltavöll.

X; Berti stóru rólu ekki með svona óþægilegum kúlum. Gamla var betri, hún fór hærra.

X; Láta skólann verða uppí tíunda bekk, þá verður önnur hæð ofaná. Fleiri hæðir.

- X: Trampólín eins og í Helgafellsskóla.
- X: Fleiri leiktæki.
- X: Rennibraut. Stóra rennibrautá brúna svæðið. (Tvær brekkur).
- X: Rennibraut niður stigann.
- X: Sundlaug.
- X: Fleiri skjái.
- X: Grjótharðir stólar í Rjúpu. Breyta í gameing stóla.
- X: Hafa sína eigin tölvu.
- X: Eigið rými til að spila tölvuleiki.
- X: Fleiri tré.
- X: Sápurenibraut í brekkunni á sumrin.
- X: Meiri barnamat – ekki fullorðins.
- X: Blómkál, sveppa og graskerssúpur. Þær eru ekki góðar. Fá venjulega sveppasúpu ekki villisveppa.
- X: Það er ekkert snakk með Mexicoskri.
- X: Meiri matur. Hann klárast alltaf hjá leikskólanum.
- X: Við fáum ótrúlega lítinn mat.
- X: Meira fjölbreytta ávexti á stóran disk. Epli,perur,vínber, appelsínur og melónur.
- X: Breyta raspinu - á mánudögum. Alltaf ýsa á mánudögum – viljum á fimmtudögum
- X: Hafa gott á mánudögum þegar við komum úr sundinu
- X: Ekki bara ýsa, kartöflur og feiti. Heldur grænmeti, gúrku, tómata, kál, papriku og hafa meira grænmeti út af því það klárast grænmetið alltaf fljótt.
- X: Bæta kryddi eða salti með frönskum.
- X: Hafa KFC franskar.
- X:** Það má stækka hann, framhaldsskóli og uppí 10 bekk.
- X: Breyta matsalnum, fá meiri krakkamat (hann er alltaf með lauk). Maturinn mætti vera betri.
- X: Gera annál um 4 bekk.
- X: Annars er Krikaskóli fullkominn.
- X: Lengri útivera.
- X: Vil fá matinn á borðið aftur.

X: Stækka fótboltavöllinn.

X: Smá þreyttur á Krikó því við gerum alltaf það sama en samt vil ég ekki fara.

X: Förum alltof fáar ferðir t.d. fjöll, strætó, Úlfarsfell.

X: Íþróttasalurinn of lítill.

X: Fleiri barnalög í söngstund, oft sömu lögin, en eru ekki þreytt á henni, gaman með systkinum og yngri.

X: Ekki sumargleðina of oft.

X: Vantar köku og kræsingadag.

Eitt orð um Krika = skemmtilegur, bestur, sterkur, æðislegur